

## ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2014, föstudaginn 14. febrúar var haldinn 200. fundur íþróttá- og tómsundaráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi og hófst hann kl. 11.15

Viðstödd: Eva Einaradóttir formaður, Ragnar Hansson varamaður fyrir Diljá Ámundadóttur, Eva Baldursadóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Björn Gíslason og Jarþrúður Ásmundsadóttir varamaður fyrir Kjartan Magnússon.

Einnig: Frímánn Ari Ferdinándsson ÍBR, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri, Gísli Árni Eggertsson skrifstofustjóri og Helga Björnsadóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Lagt fram að nýju bréf Adrenalíns dags. 10. des. sl. vegna Gufunesbæjar og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Jafnframt lögð fram umsögn forstöðumáns Fjölskyldu- og húsdýragarðsins dags. 21. janúar. Umsögnin samþykkt.
2. Lagt fram bréf Keilusambands Íslands dags. 4. febrúar sl. vegna fjölgunar barna og unglínga sem æfa keilu í Reykjavík. Vísað til skoðunar framkvæmdastjóra.
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 24. janúar sl. vegna fundargerða fagraða Reykjavíkurborgar.
4. Lagt fram bréf fjármálastjóra Reykjavíkurborgar um tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2015-2019.
5. Ákveðið að starfsdagur ráðsins verði 28. febrúar kl. 11:00-14:00.
6. Lagt fram bréf framkvæmdastjóra ÍTR dags. 11. febrúar sl. vegna styrkjamála. Samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta. Sjálfstæðismenn sátu hjá.
7. Rætt um heimsókn ráðsins til Akureyrar í mars nk.
8. Skrifstofustjóri þjónustu og rekstrar sagði frá ástandi á völlum í Reykjavík vegna klaka sem liggur yfir grasinu. Jafnframt sagt frá aðgerðum sem unnið hefur verið að, til að taka á vandanum og koma í veg fyrir skemmdir.

kl. 11.37 kom Kjartan Magnússon á fundinn.

9. Fram fer umræða um samningaviðræður Reykjavíkurborgar við Ungmennafélagið Fjölni og Íþróttafélag Reykjavíkur

Fundi slitið kl. 12.00.

Eva Einaradóttir

Eva Baldursadóttir  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Jarþrúður Ásmundsadóttir

Ragnar Hansson  
Björn Gíslason  
Kjartan Magnússon